

133

24. júní

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 65 29. apríl 1941.

1. gr.

b-liður 12. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip þau, er um getur í 11. gr., b-lið, greiði 6 krónur í hvert skipti, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 30 krónur á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

134

26. júní

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún, nr. 33 25. febr. 1949.

1. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Vopnafirði, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, kr. 7.50 af hverri brúttó smálest, opnir trillubátar, 6 smál. og minni, kr. 30.00 á ári. Gjaldlagi sé 1. ágúst ár hvert. Öll önnur skip, nema þau, sem undanskilin eru í 21. gr., 12 smál. og stærri, greiði kr. 0.60 af hverri brúttó-smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki oftar en 6 sinnum á ári.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn, er þau koma í höfn ár hvert.

2. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, er leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talið í heilum tölum:

a. Af aðkomubátum:

5—12 smálestir	kr. 15.00
12—40	— — 25.00
40—60	— — 30.00
60—100	— — 45.00
100 smálestir og stærri	— 70.00

b. Heimabátar (árgjald):

6—12 smálestir	kr. 75.00
12 smálestir og stærri	— 120.00
Trillubátar	— 40.00

c. Öll önnur skip, þar á meðal strandferðaskip, skulu greiða kr. 0.30 af hverri nettósmálest,